


Alþingi
Erindi nr. P 131/342
komudagur. 2. 12/344



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 1. desember 2004

Umsögn um tillögu til þingsályktunar 16. mál

Veiðimálastofnun hefur borist til umsagnar þingsályktun um forræði yfir rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.


Fyrstu lotu í vinnu í rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma er nú lokið, en við blasir að vinnan þarf að halda áfram. Uppsetning og skipulag vinnunnar í upphafi hefði mátt betur fara. Mjög margir aðilar áttu aðild að vinnunefndum. En engu að síður skorti á að rannsóknastofnanir fengu næga aðkomu, en þær búa yfir þekkingu á náttúrufari í fersku vatni. Gagnrýndi undirritaður þetta á sínum tíma og eftir talsverða fyrirhöfn fékk Veiðimálastofnun loks aðkomu að vinnu í starfshóp um náttúrufar, en stofnunin hafði einnig aðkomu að starfshóp um nýtingu. Skýtur það skökku við þar sem verið er að fjalla um inngríp í lífríki ferskvatns en Veiðimálastofnun er leiðandi í rannsóknum á því sviði. Hefði verið slæmt að nýta ekki þá þekkingu. Stofnunin fékk hins vegar ekki aðkomu að stjórn verkefnisins og er það miður.

Margt vannst þó í rammaáætlunarvinnunni sem nýtast mun til framtíðar. Ýmis aðferðafræði var þróuð til að meta mismunandi svæði. Við blasir hins vegar að grunnþekkingu á náttúrufari margra svæða skortir og augljóst að erfitt er að meta svæði án hennar.

Í sjálfri vinnunni höfðu margir aðkomu, en í raun voru það fáir sem lögðu til raunverulega vinnu. Mæddi þar mest á því fólki sem vinnur að rannsóknarstörfum á náttúrufari landsins í rannsóknarstofnunum eða Háskóla Íslands. Í framhaldsvinnu í rammaáætlun er að mati undirritaðs betra að færri aðilar með sérþekkingu, bæði á orkunýtingu og náttúrufari komi að vinnunni en einnig verði skapaður stærri samráðsvettvangur hina ýmsu hagsmunaaðila og samtaka.

Spurningin um hvaða ráðuneyti hafi forræði yfir málinu skiptir ekki höfuðmáli ef skipulag og vinnubrögð eru góð. Benda má á að lögum samkvæmt fer Umhverfissráðuneyti með náttúruverndaráætlanir, en þar er nálgunin sú að meta verndargildi náttúrunnar og einnig þá fallvötn og jarðvarmasvæði. Spurningin er hvort nálgast eigi málin út frá nýtingu eða verndun. Svárið hlýtur að vera að best sé gera hvoru tveggja og því skiptir ekki höfuðmáli hver fer með forræði málsins. Umhverfissráðuneyti er ekki illa til þess fallið að leiða slíka vinnu, en einnig getur Iðnaðráðuneyti vel gert það.

Virðingarfyllst



Sigurður Guðjónsson, framkvæmdastjóri